

Genie®

Stjórnandahandbók

með Viðhaldsupplýsingum

Þýðing á
upprunalegum leiðbeiningum
Fourth Edition
First Printing
Part No. 145357IS

DPL™-25S
DPL™-30S
DPL™-35S

Mikilvægt

Lestu, skildu og hlýddu þessum öryggisreglum og notkunarleiðbeiningum áður en þú notar þessa vél. Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk hefur leyfi til að nota þessa vél. Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni þinni og hún ætti alltaf að fylgja vélinni. Ef þú hefur einhverjar spurningar skaltu hringja í Genie Industries.

Innihald

Bls.

Öryggisreglur 1
Stjórntæki 7
Myndskýring 8
Skoðun fyrir notkun 9
Viðhald 11
Virknipróf 14
Könnun vinnustaðar 17
Notkunarleiðbeiningar 18
Leiðbeiningar um rafgeymi og hleðslutæki 21
Leiðbeiningar um flutning og lyftingu 22
Límmiðar 24
Tæknilýsing 28

Hafðu samband við okkur:

Internet: http://www.genieindustries.com
tölvupóstur: techpub@genieind.com

Höfundarréttur © 1996 Genie Industries

Fjórða útgáfa: Fyrsta prentun, apríl 2010

„Genie“ og „DPL“ eru skrásett vörumerki Genie Industries í Bandaríkjunum og mörgum öðrum löndum. „Super Series“ er vörumerki Genie Industries

CE Fylgir EB tilskipun 2006/42/EB
Sjá EB-Samræmisyfirlýsingu

♻ Prentað á endurunninn pappír L

Prentað í B.N.A.

Öryggisreglur



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun valda dauða eða alvarlegum meiðslum.

Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur öruggrar vélarstjórnunar sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum—öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.

☑ Þú hafir rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

☑ Í fyrsta sinn sem þessi vél er sett upp til notkunar er öndunarlok uppsett. Sjá hlutann Skoðun fyrir notkun vegna leiðbeininga um öndunarlok.

ÖRYGGISREGLUR

Hætta á veltu



Ekki lyfta pallinum nema undirstaðan sé lárétt, allir fjórir stoðfæturnir rétt upp settir og hæðartjakkarnir í traustri snertingu við jörðina.

Ekki færa vélina á meðan pallurinn er á lofti.

Ekki lagfæra eða fjarlægja stoðfæturna á meðan einhver er á pallinum eða hann á lofti.

Ekki setja eða festa yfirhangandi byrðar við neinn hluta þessarar vélar.

Ekki flytja verkfæri og efni nema þeim sé jafnt dreift og einstaklingur/-ar á pallinum geti meðhöndlað þau á öruggan hátt.



Ekki lyfta pallinum nema vélin sé lárétt. Ekki stilla vélinni upp á yfirborði þar sem ekki er hægt gera hana lárétta með því að nota eingöngu stoðfæturna.


Ekki setja stiga eða vinnupalla á pallinn eða upp við neinn hluta þessarar vélar.

Ekki ýta frá eða draga í átt að neinum hlut utan pallsins.

Hámarks leyfilegur hliðarkraftur, ANSI og CSA	445 N
Hámarks leyfilegur handvirkur kraftur, CE og AUS	400 N

Ekki nota vélina á yfirborði eða ökutæki sem hreyfist eða er hreyfanlegt.

Ekki nota vélina í sterkum vindi eða roki. Ekki auka yfirborðssvæði pallsins eða byrðarinnar. Ef svæðið er aukið og það er berskjaldað fyrir vindi minnkar það stöðugleika vélarinnar.





Starfsfólk, tækjabúnaður og efni skal ekki fara umfram hámarksgetu pallsins.

Hámarksgeta	
DPL-25S	340 kg
DPL-30S	340 kg
DPL-35S	272 kg
Hámarksfjöldi starfsmanna - allar gerðir	2

Ekki nota vélina nálægt þverhnípi, holum, ójöfnum, braki, óstöðugu eða sleipu yfirborði, eða öðrum mögulega hættulegum aðstæðum.

Ekki breyta eða afvirkja einingar vélarinnar sem á einhvern hátt hafa áhrif á öryggi og stöðugleika.

Ekki endurnýja hluti sem mikilvægir eru stöðugleika með hlutum af annarri þyngd eða tæknilýsingu. Notaðu aðeins varahluti sem Genie hefur viðurkennt.

Þegar vélin er flutt á gaffallyftara eða öðru flutningsökutæki ætti pallurinn að vera alveg niðri, handriðin ættu að vera niðri, slökkt ætti að vera á vélinni og enginn starfsmaður á pallinum.

Ekki breyta loftvinnupallinum án fyrirfram skriflegs leyfis frá framleiðandanum. Viðhengi til að halda verkfærum eða öðrum efnum við pallinn, gangbretti eða handriðakerfi geta aukið þyngd á pallinum og yfirborðssvæði pallsins eða byrðinnar.

Fallhætta

Handriðakerfið veitir fallvörn. Ef þess er krafist að starfsmenn á pallinum noti persónulegan fallvarnarbúnað vegna reglna vinnusvæðis eða atvinnurekanda skal fallvarnarbúnaðurinn og notkun hans vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda búnaðarins og viðeigandi kröfur hins opinbera.



Ekki sitja á, standa á eða klifra í handriði pallsins. Haltu alltaf góðri fótfestu á gólfi pallsins.


Ekki fara upp á eða lyfta pallinum nema hliðarhandrið pallsins séu læst í uppréttri stöðu og endahandrið og inngangshlið pallsins séu læst og krækt.

Ekki fara af pallinum á meðan hann er á lofti. Ef orkuskortur verður skal láta starfsfólk á jörðu niðri virkja handvirka lækkunarlokann.

Haltu gólfi pallsins lausu við rusl.

ÖRYGGISREGLUR

Hætta á raflosti



Þessi vél er ekki einangruð frá rafmagni og veitir ekki vörn gegn snertingu eða nálægð við rafstraum.

Haltu þér frá vélinni ef hún snertir raflínur með straumi á eða verður rafhlaðin. Starfsfólk á jörðu niðri, eða á pallinum, má ekki snerta eða nota vélina fyrr en straumur hefur verið tekinn af raflínunum.

Haltu öruggri fjarlægð frá raflínum og -tækjabúnaði í samræmi við viðeigandi opinberar reglugerðir og eftirfarandi töflu.

Spenna	**Lágmarks örugg fjarlægð til nálgunar**
Fasi til fasa	**Metrar**
0 til 300 V	Forðast skal snertingu
300 V til 50 KV	3,05
50 KV til 200 KV	4,60
200 KV til 350 KV	6,10
350 KV til 500 KV	7,62
500 KV til 750 KV	10,67
750 KV til 1 000 KV	13,72

Gerðu ráð fyrir hreyfingu pallsins, sveiflu raflínu, eða svignun og hreyfingu raflínu vegna sterks vinds eða roks.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

Ekki nota vélina í eldingaveðri eða stormi.

Ekki nota riðstraumsknúna vél eða hleðslutæki jafnstraumsrafgeymis nema að nota 3ja víra jarðtengda framlengingarsnúru tengda við jarðtengda riðstraumsrafrás. Ekki breyta eða afvirkja 3ja víra jarðtengdar klær.

Árekstrarhætta

Stjórnendur verða að fylgja reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera hvað varðar notkun persónuhlífa.

Athugaðu með fyrirstöður uppi yfir vinnusvæðinu eða aðra mögulega hættu.

Gættu þín á hættunni að kremjast þegar þú grípur um hliðarhandrið pallsins.

Ekki láta pallinn síga nema ekkert starfsfólk og engar fyrirstöður séu á svæðinu fyrir neðan.

Vertu varkár þegar flutningur á sér stað í halla.

Haltu þér frá lækkandi palli.

Hætta vegna skemmdrar íhluta

Ekki nota vélina nema öndunarlok hafi verið sett upp í vökvageyminum. Sjá hlutann Skoðun fyrir notkun vegna leiðbeininga um öndunarlok.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

Jafnstraumsgerðir: Ekki nota vélina með veikum eða of afhlöðnum rafgeymi.

Hætta vegna rangrar notkunar

Ekki skilja vélina eftir eftirlitslausa nema lykillinn sé fjarlægður, til að koma í veg fyrir óheimila notkun.

Hætta vegna skemmdrar vélar

Ekki nota skemmda eða bilaða vél.

Framkvæmdu vandlega skoðun á vélinni fyrir notkun og prófaðu allar aðgerðir fyrir hver vaktaskipti. Merktu samstundis skemmda eða bilaða vél og taktu hana úr notkun.

Vertu viss um að allt viðhald hafi verið framkvæmt eins og tiltekið er í þessari handbók og *þjónustuhandbók fyrir Genie DPL*.

Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.

Vertu viss um að stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er á pallinum.

Hætta á líkamstjóni

Ekki nota vélina ef um er að ræða leka á glussa eða lofti. Leki á lofti eða glussa getur farið í gegnum og/eða brennt húðina.

Röng snerting við íhluti undir hvaða hlíf sem er veldur alvarlegum meiðslum. Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að opna hólf. Aðgangur stjórnanda er aðeins ráðlagður þegar skoðun fyrir notkun er framkvæmd. Öll hólf verða að vera lokuð og læst meðan á notkun stendur.

Myndskýring límmiða

Límmiðar á Genie-vörum nota tákn, litakóða og áhersluorð til að tilgreina eftirfarandi:



Öryggisviðvörunartákn—notað til að vara starfsfólk við hugsanlegri hættu á líkamsmeiðslum. Hlýddu öllum öryggisskilaboðum sem fylgja þessu tákni til að forðast möguleg meiðsli eða dauða.



Rauður—notaður til að benda á tilvist yfirvofandi hættuástands sem leiðir til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.



Appelsínugulur—notaður til að benda á tilvist hugsanlegs hættuástands sem gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.



Gulur með öryggisviðvörunartákni—notaður til að benda á tilvist hugsanlegs hættuástands sem gæti valdið lítilsháttar eða meðalalvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við því.



Gulur án öryggisviðvörunartákns—notaður til að benda á tilvist hugsanlegs hættuástands sem gæti leitt til eignaskemmda ef ekki er brugðist við því.



Grænn—notaður til að benda á notkunar- eða viðhaldsupplýsingar.

ÖRYGGISREGLUR

Öryggi rafgeymis og hleðslutækis - Jafnstraumsgerðir

Hætta á bruna

Rafgeymar innihalda sýru. Alltaf skal vera í hlífðarfatnaði og með augnhlífar þegar unnið er við rafgeyma.





Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

Sprengihætta



Rafgeymar gefa frá sér sprengifimt gas. Haltu neistum, logum og logandi tóbaki frá rafgeyminum.

Hlaða skal rafgeyminn á vel loftræstu svæði.

Ekki aftengja jafnstraumsúttaksleiðslur hleðslutækisins frá rafgeyminum þegar hleðslutækið er í gangi.

Rennihurðin á hlíf undirstöðunnar verður að vera opin allt hleðsluferlið.

Hætta á raflosti



Tengdu hleðslutækið aðeins við jarðtengda riðstraumsrafrás.

Ekki hafa rafgeymi eða hleðslutæki berskjölduð gagnvart vatni eða rigningu.


Fyrir hverja notkun skal athuga með skemmdir. Endurnýjaðu skemmda hluti fyrir notkun.

Lyftihætta

Rafgeymirinn vegur 48 kg. Notaðu viðeigandi fjölda fólks og rétta lyftitækni þegar rafgeyminum er lyft.


Stjórntæki

Stjórntæki á jörðu niðri




1 Rauður neyðarstöðvunarhnappur
2 Lykilrofi
3 Skjáljós samlæsingar stoðfóta (fjögur)
4 Viðvörunarljós rafgeymis fyrir aðstoðarlækkun

Stjórntæki palls



5 Jafnstraumsgerðir: Viðvörunarljós fyrir rafgeymi
6 Aflljós
7 Hnappur fyrir aðstoðarlækkun palls
8 Virkjunarrofi stýringar
9 Upp/niður rofi

Myndskýring



1 Endahandrið palls
2 Hliðarhandrið palls
3 Geymsluílát handbókar
4 Stjórntæki palls
5 Riðstraumsúttak
6 Lyftiarmur handriðs
7 Inngönguhlið palls
8 Klinka endahliðs palls
9 Pallur
10 Samlæsingarskjár
11 Riðstraumsgerðir: Útsláttarrofi
12 Uppgöngustigi palls
13 Riðstraumsgerðir: Aflgjafi fyrir vél
Jafnstraumsgerðir: Riðstraumsrafmagn til palls
14 Læsipinni uppgöngustiga palls
15 Stoðfótur með hæðartjakki
16 Rauf fyrir gaffallyftara
17 Hallamál
18 Röðunarkapall
19 Flutningsbinding
20 Stöng fyrir handvirka lækkun
21 Innstunga hleðslutækis rafgeymis
22 Undirstaða
23 Hjól með snúningslás
24 Hlíf undirstöðu
25 Gálgi
26 Stýringarhandfang
27 Læsihandfang handriðs palls

Skoðun fyrir notkun

Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur öruggrar vélarstjórnunar sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.


4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Öndunarlok - Riðstraums- og jafnstraumsgerðir

Skemmdir verða á íhlutum ef vélin er notuð án öndunarloks.

Í fyrsta sinn sem þessi vél er sett upp til notkunar verður að fjarlægja rörtappann í vökvageyminum, undir rafgeymahlífinni, og setja varanlega í staðinn öndunarlok.



Öndunarlokið fylgir með og má finna það í umslagi sem límt er við gálgann.

Undirstöðuatriði

Það er á ábyrgð stjórnanda að framkvæma skoðun fyrir notkun og hefðbundið viðhald.

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðuninni er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva ef eitthvað er sýnilega að vélinni áður en hann framkvæmir virkniprófin.

Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli. Stjórnandi getur aðeins framkvæmt hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.

Sjáðu listann á næstu síðu og athugaðu hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu framkvæma reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem taldar eru upp í ábyrgðarhandbókinni.

SKOÐUN FYRIR NOTKUN

Skoðun fyrir notkun

- ❏ Vertu viss um að stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er á pallinum.
- ❏ Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir. Sjá hlutann um límmiða.
- ❏ Athugaðu með leka á rafvökva og rétta vökvastöðu. Bættu á eimuðu vatni ef þörf er á. Sjá hlutann um viðhald.
- ❏ Athugaðu með glussaleka og rétta olíustöðu. Bættu á olíu ef þörf er á. Sjá hlutann um viðhald.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

- ❏ Rafmagnsíhlutum og leiðslum
- ❏ Rafspólutaug (ef til staðar)
- ❏ Vökvaafleiningu, slöngum, tengjum og tjökkum
- ❏ Stöng fyrir handvirka lækkun
- ❏ Endahandriði palls, hliðarhandriði palls og inngangshliði palls
- ❏ Læsihandföngum handriðs
- ❏ Röðunarköplum og trissum
- ❏ Lyftikeðjum og lausahjólum
- ❏ Róm, boltum og öðrum festingum
- ❏ Gálga og gálgastoðum
- ❏ Öndunarloki
- ❏ Stoðfótum, hæðartjökkum og stuðningsfótum
- ❏ Lyftiarmi handriðs
- ❏ Uppgöngustiga palls

Athugaðu alla vélina með tilliti til:

- ❏ Dælda eða skemmda
- ❏ Tæringar eða ryðmyndunar
- ❏ Sprungna í suðu eða íhlutum samsetningar

- ❏ Kannaðu og hreinsaðu rafgeymapóla og allar tengingar rafgeymakapals.
- ❏ Gættu þess að allir íhlutir samsetningar og aðrir mikilvægir íhlutir séu til staðar og allar tengdar festingar og pinnar séu á sínum stað og rétt hert.

Viðhald

Virða og hlýða:

- ☑ Stjórnandi skal aðeins framkvæma hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.
- ☑ Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu ljúka við reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem tilgreindar eru í ábyrgðarhandbókinni.

Myndskýringar viðhaldstákna

TIL ATHUGUNAR Eftirfarandi tákn hafa verið notuð í þessari handbók til að hjálpa til við að miðla ásetningi leiðbeininganna. Þegar eitt eða fleiri þessara tákna birtist við upphaf viðhaldsferlis gefur það til kynna merkinguna að neðan.

Gefur til kynna að þörf sé á verkfærum til að framkvæma þetta verklag.

Gefur til kynna að þörf sé á nýjum hlutum til að framkvæma þetta verklag.

VIÐHALD

Athuga rafgeyminn - Jafnstraumsgerðir

Almennilegt ástand rafgeymis er nauðsynlegt fyrir góða frammistöðu vélar og örugga notkun. Röng vökvastaða eða skemmdir kaplar og tengingar geta leitt til skemmda á íhlutum og hættuástands.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á raflosti. Snerting við heitar rafrásir eða rafrásir með spennu gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgripi.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á líkamstjóni. Rafgeymar innihalda sýru. Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

TIL ATHUGUNAR Framkvæmdu þetta próf eftir að hafa fullhlaðið rafgeymana.

1 Farðu í hlífðarfatnað og settu á þig augnhlífar.

2 Fjarlægðu öndunarlokin af rafgeyminum.

3 Athugaðu stöðu rafgeymasýru. Ef þörf er á skaltu fylla með eimuðu vatni upp að neðri hluta áfyllingarrörs rafgeymisins. Ekki yfirfylla.

4 Settu öndunarlokin á.

Athuga glussaolíustöðu - Riðstraums- og jafnstraumsgerðir

Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu glussaolíu sé haldið réttri. Röng staða glussaolíu getur skemmt íhluti vökvakerfisins. Daglegar athuganir gera skoðunarmanninum kleift að greina breytingar á olíustöðu sem gætu bent til tilvistar vandamála í vökvakerfinu.

1 Gættu þess að pallurinn sé í lægstu stöðu.

2 Athugaðu hæðarstöðumælinn á hlið vökvageymisins.

⊙ Niðurstaða: Glussaolíustaðan ætti að vera sýnileg á miðjum hæðarstöðumælinum. Ekki yfirfylla.

Tæknilýsing glussaolíu

Gerð glussa	Chevron Rando HD jafngildi

Reglubundið viðhald

Viðhald sem framkvæmt er ársfjórðungslega, árlega og á tveggja ára fresti verður að vera framkvæmt af einstaklingi sem hefur þjálfun og hæfni til að framkvæma viðhald á þessari vél í samræmi við verklagið sem finna má í þjónustuhandbók fyrir þessa vél.

Fara verður fram ársfjórðungsleg skoðun á vélum sem hafa staðið ónotaðar í meira en þrjá mánuði áður en þær eru teknar aftur í notkun.

Virknipróf



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur öruggrar vélarstjórnunar sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

Þekktu og skildu virkniprófin áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja skref-fyrir-skref leiðbeiningunum til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilun uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virknipróf áður en vélin er tekin í notkun.

Virknipróf

1 Staðsettu vélina beint undir vinnusvæðinu.

2 Tengdu við viðeigandi aflgjafa:
Jafnstraumsgerðir: Tengdu rafgeymapakkann.
Riðstraumsgerðir: Tengdu við jarðtengdan 15 A riðstraumsaflgjafa. Notaðu 3,3 mm^2 3ja víra jarðtengda framlengingarsnúru, ekki lengri en 13 m.

3 Settu lykilinn í og kveiktu á stjórntækjum pallsins.


4 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjunum á jörðu niðri í á-stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Aflljósið ætti að kvikna.


5 Settu upp hvern stoðfót og lagfærðu hæðartjakkana til að gera vélina lárétta. Gerðu vélina lárétta aðeins með notkun stoðfótanna.

6 Gættu þess að öll fjögur samlæsingarskjáljósin á stjórntækjunum á jörðu niðri logi.

7 Notaðu hallamálið og lagfærðu hæðartjakkana þar til undirstaða vélarinnar er lárétt.



8 Snúðu læsingarhandfangi handriðs pallsins og snúðu hliðarhandriði pallsins í upprétta stöðu. Gættu þess að hliðarhandriðið læsist á sínum stað. Endurtaktu fyrir hina hliðina.



9 Togaðu í læsipinna stigans og snúðu stiganum niður. Gættu þess að stiginn læsist á sínum stað.

10 Klífðu stigann til að fara upp á pallinn. Lokaðu og kræktu inngangshliði og endahandriði pallsins.

Prófun neyðarstöðvunar

11 Togaðu út til að losa rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjum pallsins.

12 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum á stjórntækjunum á jörðu niðri í af-stöðuna.


13 Ýttu á og haltu virkjunarhnappi stjórntækja og snúðu upp/niður rofanum í ætlaða færslustöðu.

⊙ Niðurstaða: Upp/niður virknin ætti ekki að virka.

14 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum á stjórntækjum pallsins í af-stöðuna.

15 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjunum á jörðu niðri í á-stöðuna.

16 Ýttu á og haltu virkjunarhnappi stjórntækja og snúðu upp/niður rofanum í ætlaða færslustöðu.



⊙ Niðurstaða: Upp/niður virknin ætti ekki að virka.

VIRKNIPRÓF

Prófa samlæsingu stoðfóta

17 Togaðu út til að losa rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjum pallsins.

18 Ýttu á og haltu virkjunarhnappi stjórntækja og snúðu upp/niður rofanum í ætlaða færslustöðu.

⊙ Niðurstaða: Upp/niður virknin ætti að virka.

19 Skrúfaðu niður einn hæðartjakk þar til samsvarandi samlæsingarskjáljós slokknar.

20 Ýttu á og haltu virkjunarhnappi stjórntækja og snúðu upp/niður rofanum í ætlaða færslustöðu.

⊙ Niðurstaða: Upp/niður virknin ætti ekki að virka.

21 Færðu hæðartjakkinn í fyrri stillingu og athugaðu hallamálið.

22 Endurtaktu verklagið fyrir hvern stoðfót.

Prófa aðstoðarlækkun palls - Riðstraums- og jafnstraumsgerðir

23 Lyftu pallinum lítillega.

24 Aftengdu aflgjafann frá vélinni.

25 Snúðu lykilrofanum á stjórntækjum á jörðu niðri.

26 Ýttu inn aðstoðarlækkunarhnappi fyrir pall á stjórntækjunum á jörðu niðri.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga.

27 Tengdu aflgjafann við vélina.

28 Snúðu lykilrofanum á stjórntækjum pallsins.

29 Lyftu pallinum um hér um bil 15 cm.

30 Aftengdu aflgjafann frá vélinni.

31 Ýttu á og haltu virkjunarhnappi stjórntækja og snúðu upp/niður rofanum í niður-stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga.

32 Tengdu aflgjafann við vélina.

Prófun á handvirkri lækkun

33 Lyftu pallinum lítillega.

34 Virkjaðu stöng fyrir handvirka lækkun.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga.

Könnun vinnustaðar



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur öruggrar vélarstjórnunar sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

Þekktu og skildu könnun vinnustaðar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Könnun vinnustaðar

Gættu þín á og forðastu eftirfarandi hættulegar aðstæður:

- þverhnípi eða holur
- ójöfnur, fyrirstöður á gólfi eða rusl
- brekkur sem fara umfram jafnvægisgetu vélarinnar
- óstöðugt eða sleipt yfirborð
- fyrirstöður í loftinu og háspennuleiðara
- hættulegar staðsetningar
- ófullnægjandi yfirborðsstuðning til að standast alla þá álagskrafta sem vélin býr yfir
- vind og veðuraðstæður
- návist starfsfólks í leyfisleysi
- aðrar mögulegar óöruggar aðstæður

Undirstöðuatriði

Könnun vinnustaðar hjálpar stjórnandanum að ákvarða hvort vinnustaðurinn henti fyrir örugga notkun vélarinnar. Hana ætti stjórnandinn að framkvæma áður en hann færir vélina inn á vinnustaðinn.

Það er á ábyrgð stjórnanda að lesa og muna hætturnar á vinnustaðnum og síðan að horfa eftir þeim og forðast þær þegar hann hreyfir, setur upp og notar vélina.

Notkunarleiðbeiningar



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur öruggrar vélarstjórnunar sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Hlutinn Notkunarleiðbeiningar veitir leiðbeiningar um öll atriði sem lúta að notkunar vélarinnar. Það er á ábyrgð stjórnandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum.

Að nota vélina við nokkuð annað en að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þeirra og efni, upp í vinnusvæði sitt er óöruggt og hættulegt.

Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota þessa vél. Ef ætlast er til að fleiri en einn stjórnandi noti vélina á mismunandi tímum á sömu vakt verða þeir allir að vera viðurkenndir stjórnendur og er ætlast til þess að þeir fylgi allir öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum. Það þýðir að hver nýr stjórnandi ætti að framkvæma skoðun fyrir notkun, virknipróf og könnun vinnustaðar áður en hann notar vélina.

Uppsetning

1 Staðsettu vélina beint undir vinnusvæðinu.

2 Tengdu við viðeigandi aflgjafa:
Jafnstraumsgerðir: Tengdu rafgeymapakkann.
Riðstraumsgerðir: Tengdu við jarðtengdan 15 A riðstraumsaflgjafa. Notaðu 3,3 mm² 3ja víra jarðtengda framlengingarsnúru, ekki lengri en 13 m.


3 Settu lykilinn í og kveiktu á stjórntækjum pallsins.

4 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjunum á jörðu niðri í á-stöðuna. Gættu þess að aflljósið logi.

5 Settu upp stoðfæturna og lagfærðu hæðartjakkana til að gera vélina lárétta. Notaðu hallamálið til að vera viss um að vélin sé lárétt.

6 Gættu þess að öll fjögur samlæsingarskjáljósin á stjórntækjunum á jörðu niðri logi.

7 Dragðu læsingarhandfang handriðs pallsins niður og snúðu hliðarhandriði pallsins í upprétta stöðu. Gættu þess að hliðarhandriðið læsist á sínum stað. Endurtaktu fyrir hina hliðina.



8 Togaðu í læsipinna stigans og snúðu stiganum niður. Gættu þess að stiginn læsist á sínum stað.

9 Klífðu stigann til að fara upp á pallinn. Lokaðu og kræktu inngangshliði og endahandriði pallsins.

Neyðarstöðvun

1 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum á stjórntækjum pallsins eða á stjórntækjum á jörðu niðri til að stöðva upp-aðgerðina.

Lyfta og sig palls

1 Togaðu út til að losa rauða neyðarstöðvunarhnappinn.

2 Ýttu á og haltu virkjunarhnappi stjórntækja og snúðu upp/niður rofanum í þá færslustöðu sem óskað er eftir.

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

Handvirk lækkun

1 Virkjaðu stöng fyrir handvirka lækkun.

Aðstoðarlækkun palls - Riðstraums- og jafnstraumsgerðir

1 Snúðu lykilrofanum á stjórntækjum á jörðu niðri. Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

2 Virkjaðu aðstoðarlækkunarhnapp fyrir pall á stjórntækjunum á jörðu niðri.

Viðvörunarljós fyrir yfirálag palls (ef til staðar)



Leiftrandi ljós gefur til kynna að pallurinn sé ofhlaðinn og engar aðgerðir virka. Aðvörunarhljóðmerki hljómar við stjórntæki pallsins.

Endurstilla verður vélina áður en aðgerðir virka.

Til að endurstilla vélina:

1 Fjarlægðu byrði af pallinum.

2 Ýttu inn, snúðu síðan til að losa rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjum pallsins.

3 Notaðu vélina. Ef byrðin á pallinum er undir mældri getu mun vélin virka.

Fallvörn

Ekki er krafist persónulegs fallvarnarbúnaðar þegar þessi vél er notuð. Ef vinnusvæði eða reglur atvinnurekanda krefjast slíks búnaðar skal eftirfarandi eiga við:

Allur persónulegur fallvarnarbúnaður verður að fylgja viðeigandi opinberum reglugerðum og verður skoðun og notkun að vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Eftir hverja notkun

1 Veldu örugga geymslustaðsetningu—traustan, láréttan flöt, veðurvarinn, lausan við fyrirstöður og umferð.

2 Fjarlægðu lykilinn til að koma í veg fyrir óheimila notkun.

3 Jafnstraumsgerðir: Hladdu rafgeyminn.


Leiðbeiningar um rafgeymi og hleðslutæki

Virða og hlýða:

- ☑ Ekki nota utanaðkomandi hleðslutæki eða startgeymi.
- ☑ Hlaða skal rafgeyminn á vel loftræstu svæði.
- ☑ Notaðu rétta inntaksspennu riðstraums til hleðslu eins og gefið er til kynna á hleðslutækinu.
- ☑ Notaðu aðeins rafgeymi og hleðslutæki sem Genie hefur viðurkennt.

Rafgeymir hlaðinn:


1 Renndu frá rafgeymahlífinni til að komast að hleðslutækinu og rafgeyminum. Hlífin verður að vera opin allt hleðsluferlið.



2 Fjarlægðu öndunarlokin af rafgeyminum og athugaðu stöðu rafgeymasýrunnar. Ef nauðsyn krefur skal bæta á eimuðu vatni svo að fljóti yfir plöturnar. Ekki yfirfylla fyrir hleðsluferlið.

3 Settu öndunarlok rafgeymisins á.

4 Tengdu hleðslutæki rafgeymisins við jarðtengda innstungu með réttri spennu og straumstyrk eins og gefið er til kynna á hleðslutækinu.



5 Stilltu tímastillinn á grundvelli notkunar:

Létt notkun (innan við 15 lyftiferli): Stilltu á 7 klukkustundir.

Þung notkun (meira en 15 lyftiferli): Stilltu í á-stöðu.

6 Hleðslutækið mun slökkva sjálfkrafa á sér við lok innstillts tímabils.

Ath.: Ef ampermælirinn fellur niður í 3 A eða minna á fyrstu 15 mínútunum er rafgeymirinn fullhlaðinn.

7 Athugaðu stöðu rafgeymasýrunnar þegar hleðsluferlinu er lokið. Fylltu með eimuðu vatni upp að neðri hluta áfyllingarrörsins.

Leiðbeiningar um fyllingu og hleðslu þurrgeymis

1 Fjarlægðu öndunarlok rafgeymisins og fjarlægðu plastinnsiglið varanlega af öndunargötum rafgeymisins.

2 Fylltu hvert hólf með rafgeymasýru (raflausn) þar til hæðin er nægileg til að hylja plöturnar.

Ekki fylla upp að hámarksstöðu fyrr en hleðsluferli rafgeymisins er lokið. Yfirfylling getur valdið því að rafgeymasýra flæðir upp úr meðan á hleðslu stendur. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

3 Settu öndunarlok rafgeymisins á.


4 Hlaða skal rafgeyminn í sjö klukkustundir, eða þangað til ampermælir hleðslutækisins sýnir 3 A eða minna.

5 Athugaðu stöðu rafgeymasýrunnar þegar hleðsluferlinu er lokið. Fylltu með eimuðu vatni upp að neðri hluta áfyllingarrörsins.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Virða og hlýða:

- ☑ Beita verður almennri skynsemi og skipulagningu til að stjórna hreyfingum vélarinnar þegar verið er að lyfta henni með krana eða gaffallyftara.
- ☑ Leggja verður flutningsökutækinu á jafnsléttu.
- ☑ Ganga verður tryggilega frá flutningsökutækinu til að koma í veg fyrir að það hreyfist meðan verið er að setja vélina á.
- ☑ Flutningsgeta ökutækis, fermingarbúnaður og undirlag verða að geta haldið uppi þyngd vélarinnar. Sjá raðnúmeramerkimiða vegna þyngdar vélarinnar.
- ☑ Vélin verður að vera fest við flutningsökutækið með keðjum eða ólum með næga burðargetu.



Vélin sett á með gaffallyftara

1 Láttu pallinn síga.

2 Láttu hliðarhandrið pallsins, endahandrið pallsins og inngönguhlið pallsins síga. Festu hliðarhandriðið með bindiólinni.

3 Ýttu inn rauðu neyðarstöðvunarhnöppunum á stjórntækjum palls og á jörðu niðri, snúðu lykilrofanum í stöðuna slökkt og taktu lykilinn úr.

4 Athugaðu með lausa eða ófesta hluti á allri vélinni.

5 Notaðu raufarnar fyrir gaffallyftara sem staðsettar eru á hliðum vélarinnar.

Vélin dregin með spili upp á bíl með opnum palli

1 Láttu pallinn síga.

2 Láttu hliðarhandrið pallsins, endahandrið pallsins og inngönguhlið pallsins síga. Festu hliðarhandriðið með bindiólinni.

3 Ýttu inn rauðu neyðarstöðvunarhnöppunum á stjórntækjum palls og á jörðu niðri, snúðu lykilrofanum í stöðuna slökkt og taktu lykilinn úr.

4 Athugaðu með lausa eða ófesta hluti á allri vélinni.

5 Tengdu strenginn við spilpunktinn (bindipunktana) á undirstöðunni.

6 Dragðu vélina varlega með spilinu upp á bílinn.

7 Festu undirstöðu og gálga vélarinnar við flutningsökutækið. Notaðu keðjur eða ólar með nægri burðargetu.

LEIÐBEININGAR UM FLUTNING OG LYFTINGU

Þyngdarpunktur	X-ás	Y-ás	Z-ás
DPL-25	1,03 m	34,3 cm	83,6 cm
DPL-30	1,03 m	34,3 cm	83,8 cm
DPL-35	1,03 m	34,3 cm	84,1 cm

Virða og hlýða:

☑ Aðeins viðurkenndir kranamenn ættu að undirbúa og lyfta vélinni.

☑ Gættu þess að geta kranans, fermingarfletir og ólar eða taugar séu nægilega sterkar til að standast þyngd vélarinnar. Sjá raðnúmeramerkimiða vegna þyngdar vélarinnar.


Lyftileiðbeiningar


Láttu pallinn síga alveg niður. Gættu þess að stjórntæki og hlífar séu vel fest. Fjarlægðu alla lausa hluti af vélinni.

Ákvarðaðu þyngdarpunkt vélarinnar með aðstoð töflunnar og myndarinnar á þessari síðu.

Festu lyftibúnaðinn aðeins við tilnefnda lyftipunkta á vélinni. Það eru tveir lyftipunktar á hvorri hlið vélarinnar.

Lagfærðu lyftibúnaðinn til að koma í veg fyrir skemmdir á vélinni og til að halda henni láréttri.






Límmiðar

Skoðun á límmiðum með orðum á

Ákvarðaðu hvort límmiðarnir á vélinni þinni séu með orðum eða táknum. Framkvæmdu viðeigandi skoðun til að staðfesta að allir límmiðar séu læsilegir og á sínum stað.

Part No.	Description	Quantity
27857	Caution - Component Damage	1
27865	Label - Bubble Level	2
27868	Danger - Tip-over, Relief	1
28174	Label - Power to Platform, 230V	2
28176	Notice - Missing Manuals	1
28235	Label - Power to Platform, 115V	2
28236	Warning - Failure To Read	1
37118	Warning - Bodily Injury Hazard	1
38142	Label - Circuit Breaker, AC models	1
40465	Notice - Manual Lowering Lever	1
40466	Danger - General Safety	2
40467	Notice - Operating Instructions, Ground	1
40468	Notice - Operating Instructions, Platform	1
40469	Danger - Tip-over/Fall Hazard	1
40514	Warning - Guard Rail Lock Handle	2
40515	Notice - Max Capacity 272 kg, DPL-35S	1
40516	Danger/Notice - Battery Safety & Charger Instructions	1
41216	Notice - Max Capacity 340 kg, DPL-25S, DPL-30S	1
62050	Cosmetic - DPL-25S	2
62051	Cosmetic - DPL-30S	2
62052	Cosmetic - DPL-35S	2
62939	Cosmetic - Genie Logo	2
62940	Cosmetic - DPL Super Series Logo	2
82366	Label - Chevron Rando	1
82783	Interlock Display - AC and DC Models	1
82802	Label - Control Activate	1
82992	Label - Wheel Load	4
82993	Label - Outrigger Load	4
97530	Notice - Maximum Manual Force, 400 N, AUS	1
133500	Instructions, Maximum Side Force, 445 N, ANSI & CSA	1

LÍMMIÐAR


28236
28176
40515 or
41216
40468
40466
82802
28174 or
28235
97530
or 133500
37118
62939
40514
62940
40469
82783
28174
or 28235
38142
Serial Label
27868
82366
82993
27857
82993
40516
40465
40467
62050
or 62051
or 62052
82993
82992
40466
82992
27865


LÍMMIÐAR

Skoðun á límmiðum með táknum á

Ákvarðaðu hvort límmiðarnir á vélinni þinni séu með orðum eða táknum. Framkvæmdu viðeigandi skoðun til að staðfesta að allir límmiðar séu læsilegir og á sínum stað.

Hlutanr.	Lýsing	Magn
28174	Merkimiði - Rafmagn til palls 230 V	2
28235	Merkimiði - Rafmagn til palls 115 V	2
62050	Fegrandi - DPL-25S	2
62051	Fegrandi - DPL-30S	2
62052	Fegrandi - DPL-35S	2
62939	Fegrandi - Myndmerki Genie	2
62940	Fegrandi - Myndmerki DPL Super Series	2
82481	Hætta - Öryggi rafgeymis	1
82487	Merkimiði - Lestu handbókina	2
82783	Samlæsingarskjár - Riðstraums- og jafnstraumsgerðir	1
82801	Merkimiði - Stöng fyrir handvirka lækkun	1
82802	Merkimiði - Virkja stjórntæki	1
82803	Hætta - Hám.geta 272 kg	1
82804	Hætta - Hám.geta 340 kg	1
82805	Hætta - Hámarks handvirkur kraftur, 400 N, CE	1
82806	Merkimiði - 51 cm stoðfætur, CE	4
82807	Merkimiði - 66 cm stoðfætur, CE	4
82879	Merkimiði - Yfirálag palls	1
82992	Merkimiði - Álag á hjól	4
82993	Merkimiði - Álag á stoðfót	4
133501	Hætta - Hámarkshliðarkraftur, 445 N, ANSI	1

LÍMMIÐAR


82803 eða 82804
82487
28175 eða 28235
82802
82879
82805 eða 133501
62939
62940
Raðnúmeramerkimiði
82806 eða 82807
82993
82783
82806 eða 82807
82993
82992
82487
82481
62050 eða 62051 eða 62052
82801
82992
82806 eða 82807
82993

Tæknilýsing

Gerð	DPL-25S	DPL-30S	DPL-35S
Hæð, hámark fyrir vinnu	9,5 m	11 m	12,4 m
Hæð, hámark fyrir pall	7,7 m	9,1 m	10,6 m
Hæð, handrið frágengin	1,98 m	1,98 m	1,98 m
Lengd, stoðfætur frágengnir	2,07 m	2,07 m	2,07 m
Breidd, stoðfætur frágengnir	80 cm	80 cm	80 cm
Gripflötur stoðfóta (l x b)	2,1 x 1,5 m	2,3 x 1,9 m	2,3 x 1,9 m
Mál palls (l x b)	1,83 m x 69,9 cm	1,83 m x 69,9 cm	1,83 m x 69,9 cm
Aflgjafi			
Riðstraumur	220 V eða 115 V	220 V eða 115 V	220 V eða 115 V
Jafnstraumur	12 V	12 V	12 V
Loftþrýstingur	6,9 bör @ 2,26 m^3/mín	6,9 bör @ 2,26 m^3/mín	6,9 bör @ 2,26 m^3/mín
Þyngd (Þyngd vélar er breytileg eftir uppstillingu valkosta)	Sjá raðnúmeramerkimiða	Sjá raðnúmeramerkimiða	Sjá raðnúmeramerkimiða
Hámarksgeta	340 kg	340 kg	272 kg
Hávaðamengun í lofti			
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu	< 70 dBA	< 70 dBA	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA	< 70 dBA	< 70 dBA
Titringsgildi fer ekki yfir 2,5 m/s^2			
Álag á hjól, að hámarki	168 kg	180 kg	199 kg
Álag á stoðfót, að hámarki	254 kg	265 kg	268 kg

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.